

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs
65. fundur haldinn á Lyngási Egilsstöðum 11. september 2014

Mættir: Ruth Magnúsdóttir, Björn Ármann Ólafsson, Jóhann Þórhallsson, Þórhallur Þorsteinsson, Einar Kr. Haraldsson og Skúli Björn Gunnarsson. Jafnframt sat fundinn Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður.

Dagskrá:

- 1. Dagskrá fundarins og undirritun fundargerða**
- 2. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Krepputungu og Kverkárrana**
- 3. Fréttabréf austursvæðis**
- 4. Næsti fundur svæðisráðs**
- 5. Önnur mál**

Ruth setti fund kl. 16.15. Gengið var til dagskrár.

1. Dagskrá fundarins og undirritun fundargerða

Formaður fór yfir dagskrá fundarins. Engar athugasemdir gerðar við hana. Fundargerð 64. fundar, sem samþykkt hafði verið í tölvupósti, var undirrituð.

2. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Krepputungu og Kverkárrana

Farið var yfir þær breytingar sem þarf að gera á stjórnunar- og verndaráætlun vegna stækkunar fyrir Krepputungu og Kverkárrana. Helstu atriði til umræðu:

Breyskjuvist. Vistsvæði með sérstökum fléttugróðri af breyskjutegund þurfa að fá sérstakan kafla.

Lindasvæði og tjarnir í jaðri Ódáðahrauns. Þeim kafla þarf að breyta þannig að hann nái betur almennt yfir lindasvæði og tjarnir í öllum þjóðgarðinum.

Hvannalindir. Fjalla þarf sérstaklega um friðlýstar fornminjar í Hvannalindum og geta samstarfs sem þarf að eiga við Minjastofnun um það og bætt aðgengi til að vernda minjarnar.

Hveragil. Í þeim kafla þarf að leggja til að efra bílastæðinu verði loka og settar upp góðar merkingar við neðra bílastæðið. Frá því þarf að stika leið sem er örugg. Merkja þarf leiðina en beina tilmælum til fólks að leita upplýsinga hjá landverði um aðstæður. Rétt að hafa afmarkað svæði á korti sem sýnir aukna friðun eða strangari reglur um Hveragil.

Kverkfjallarani. Almennt um verndun þar á jarðmyndunum og gróðri.

Kverkárrani. Fyrst og fremst almennt um verndun á jarðmyndunum og gróðri.

Kreppulindir. Þar þarf að fjalla um afar viðkvæman gróður og sérstæðar jarðmyndanir. Rétt er að banna tjöldun og auka friðun. Setja t.a.m. í áætlunina að þjóðgarðsvörður hafi leyfi til að takmarka aðgang ef þörf krefur. Einnig að fólk skuli leita sér upplýsinga hjá landverði áður en gengið er um svæðið. Rétt er að hafa afmarkað svæði á korti sem sýnir aukna friðun eða strangari reglur.

Víðerniskafli. Inn í hann kemur bara almennur texti.

Samgöngukafli. Varðandi vorferðir þá þarf að setja í áætlunina leiðbeiningar um að æskileg leið við Sigurðarskála sé slóðin að borholunni og þaðan eftir grófum áreyrum yfir á jökul (beint á móti skála). Veg að brúarstæði yfir Volgu þarf að bæta og færa þar bílastæði.

Gönguleiðir. Brú yfir Volgu er nú þegar í áætluninni. Brú yfir Kreppu þarf að velja stað annað hvort við Kreppuþröng eða á milli Kreppuhaga í tengslum við gönguleið kringum jökulinn. Einnig þarf að skoða kláfa í þessu sambandi og brúun við Vaðöldu. Gönguleið úr Sigurðarskála í Hveragil þarf að hnitsetja og

leggja á áherslu á að leiðir séu hnitsettar frekar en stikaðar til að göngufólk fari ekki um það svæði nema með GPS-tæki. Svæðisráð leggur áherslu á að styttri gönguleiðum verði fjölgað á þessu svæði sem og áningarstöðum.

Reiðleiðir. Skilgreina þarf 2-3 áningarstaði fyrir hestaferðir á svæðinu.

Flugvellir eru nokkrir á þessu svæði sem rétt er að taka inn í áætlunina.

Umfjöllun um efnistöku og þjónustu frestað til næsta fundar en Agnesi falið að gera tillögur um texta miðað við það sem fram hefur komið í samráðsferlinu um þau atriði um leið og hún vinnur úr ofangreindum umræðum.

Svæðisráð hvetur Þórhall til að mæta til næsta fundar með myndir af þessu svæði til að fólk geti áttað sig betur á einstökum stöðum.

3. Fréttabréf austursvæðis

Samþykkt að koma út fréttabréfi núna í haust. Agnes ætlar að senda svæðisráðsfulltrúum fréttabréf vestursvæðis til skoðunar og síðan vinna starfsmenn og svæðisráð saman að ritun fréttabréfsins.

4. Næsti fundur svæðisráðs

Samþykkt að funda næst mánudaginn 6. október.

5. Önnur mál

a) Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Kringilsárrana

Ruth sagði frá því að vinna við áætlun fyrir Kringilsárrana væri farin af stað hjá Umhverfisstofnun og hún hefði verið beðin um að taka þátt í þeirri vinnu.

b) Fjárlög 2015

Jóhann vakti athygli á því að fjárlagafrumvarpið væri komið fram og í því er ekki að finna auknar fjárveitingar til þjóðgarðsins.

c) Vegafé

Einar tilkynnti svæðisráði að hann hygðist kvarta með formlegum hætti við ráðherra yfir að fé vanti til að laga vegi innan austursvæðis þjóðgarðsins sem sé óviðunandi ár eftir ár.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18.50.

Björn Ármann Ólafsson

Skúli Björn Gunnarsson fundarritari

Jóhann F. Þórhallsson

Ruth Magnúsdóttir

Einar Kr. Haraldsson

Þórhallur Þorsteinsson